



Dansað var í kringum jólatré á Árbæjarsafni í Reykjavík um miðjan dag í gær og glöddu þar íslenskir jólasveinar ungvíðið. Uppákomman er hluti af jóladagskrá safnsins þar sem gestir geta rölt milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Andri um kassastykki og hvað sé list. **12-13**

**SPORT** Getur Jose Mourinho bjargað starfinu sínu? **14**

**MENNING** Er meira fyrir sól og hita en vetrarstemningu. **22-25**

**LÍFÍÐ** Fimm ungar mæður blogga um móðurhlutverk. **28-30**

**PLÚS 2 SÉRBLÓÐ**  
● FÓLK ● FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## LANDMARK FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

## Þingmenn vilja „írska módelið“

**ALÞINGI** Fjórir þingmenn minnihluta í utanríkisráðgjafanefnd Alþingis leggja til nýja sátt um Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSI) með innleiðingu „írska módelisins“. Þingmennirnir rita Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, formanni utanríkisráðgjafanefndar, opið bréf í Fréttablaðinu í dag.

„Írar hafa alla þróunarsamvinnu innan utanríkisráðgjafans – eins og Gunnar Bragi vill – en í sérstakri stofnun,“ segir meðal annars í bréfi þingmannanna og tekid er fram að með nýjum lögum sem tóku gildi um stjórnarráðið í júlí sé mögulegt að færa öll verkefni inn í ráðuneytið í sérstaka stofnun sem bera myndi nafn ÞSSI. „Nýju lögin eru einsog klæðskerasniðin fyrir sáttatillögu okkar.“

Einnig taka þau fram að Gunnar Bragi og Hanna Birna hafi nú tækifæri til að leida deilur um ÞSSI til lykta án þess að slaka á óskum stjórnarliða. – gló / sjá síðu 14

## Von á ofsaveðri sem kemur á áratuga fresti

Veðurstofa Íslands spáir fárviðri í dag. Á morgun er búist við góðu vetrarveðri. Slysavarnafélagið Landsbjörg biður fólk að vara erlenda ferðamenn við veðrinu.

**VEÐUR** Fárviðri skellur á sunnanvert landið eftir klukkan þrjú í dag og um kvöldmatarleyti má búast við ofsaveðri eða fárviðri um land allt. Spá Veðurstofunnar hljóðar upp á mun verri veður en í síðustu viku.

Ragnar Guðmannsson, yfirmaður stjórnstöðvar Landsnets, segir að gangi spáin eftir séu auknar líkur á rafmagns- og fjarskiptatruflunum á Suðurlandi í dag. „Það verður aukinn viðbúnaður hjá okkur og við erum að fara yfir og meta stöðuna.“

Veðurstofan varar við að snjókomu fylgi veðrinu og segir viðlíka storma einungis ganga yfir á tíu til tuttugu ára fresti.

» Landsbjörg hefur á að skipa um fjögur þúsund sjálfbodaliðum sem kallaðir verða út eftir þörfum.

Þorsteinn Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofunni, segir næstu daga hins vegar líta mjög vel út ef undan er skilinn dagurinn í dag og þriðjudagsmorgunn. „Það verður þokkalegt, gott vetrarveður næstu daga á eftir,“ segir hann. Áfram verði þó kalt og engin hlýindi í vikunni.

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, ráðleggur fólki að vera ekki á ferðinni í versta veðrinu og

segir alls ekki eiga að fara neitt nema á vel búnum bílum. „Þetta snýst ekki alltaf um það að vera á stórum bílum. Oft er þetta hálka, og getur verið af mikill vindur. Við sáum dæmi um það í fyrra að mikill vindur hreinlega braut rúðurnar í bílunum og það voru tugir bíla sem skemmdust. Þá hjálpar manni ekki að vera á stórum dekkjum,“ segir hún.

Þá segir Ólöf mikilvægt að vara erlent ferðafólk við. „Ég myndi vilja biðja fólk ef það kemst í færi við ferðafólk að láta það vita. Það eru ekki allir sem hlusta á íslenskar fréttir og við þurfum að taka höndum saman og láta fólk vita.“ – sg

## Stefnir í stórsigur þjóðernissinna í Frakklandi

**FRAKKLAND** Allt útlit var fyrir stórsigur Þjóðfylkingarinnar, stjórnmálaflokks Marine Le Pen, í fyrri umferð héraðskosninga í Frakklandi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Úrslit lágu þó ekki fyrir. Þá virtist gengi Repúblikanaflokks Nico-

las Sarkozy sömuleiðis ágætt meðan Sósíalistaflokkur François Hollande Frakklandsforseta tapaði fjölda sæta.

Útgönguspár lágu fyrir um klukkun sjö í gærkvöldi. Þjóðfylkingin var með 30 prósentu fylgi, repúblikanar með 27 prósent og sósíalistar 22.

Þetta er stórsigur fyrir Þjóðfylkinguna sem áður stýrði ekki neinum héruðum og afhroð fyrir sósíalista sem stjórnuðu 21 af 22 héruðum.

Um er að ræða fyrri umferð kosninga. Seinni umferðin fer fram

þann 13. desember. Þá er allt útlit fyrir að í seinni umferð muni Repúblikanaflokkurinn og Þjóðfylkingin heyja einvigi þar sem sósíalistar eru víðast hvar dottirnir út og hvetja nú kjósendur sína að styðja frekar repúblikana. – srs

SKYRGÁMUR



Síjundur Þórunn

ÍSLENSK HÖNNUN  
OG RITSNILD  
Í ÞÁGU  
FATLAÐRA BARNA  
OG UNGMENNA

Sölutímabil  
5. – 19. desember

STYRKARFÉLAG  
LAMADRA OG FATLAÐRA



## Veður



Vaxandi austanátt, fyrst sunnan til á landinu. Mjög hvasst og fer að snjóa sunnanlands síðdegis. Annað kvöld er spáð ofsavæðri eða fávíðri víða á landinu og þá er best að halda sig innandyra! Óveðrinu fylgir snjókoma, en talsverð slydda eða rigning á Suður- og Suðausturlandi. **SJÁ SÍÐU 20**

## Finnar leggja til laun fyrir borgarana

**FINNLAND** Finniska ríkisstjórnin leggur um þessar mundir drög að innleiðingu grunnframfærslu sem nemur 800 evrum, jafnvirði 113 þúsund íslenskra króna, skattfrjálst til allra í hverjum mánuði. Í staðinn verða allar bætur lagðar niður.

Samkvæmt könnun sem gerð var af finnsku félagstryggingastofnuninni sem fer með málið studdu 69 prósent tillöguna. Samkvæmt Bloomberg nemur kostnaðurinn af þessu á ári 52,2 milljörðum evra, jafnvirði 7.400 milljarða íslenskra króna. Lokatilaga verður ekki kynnt fyrir finnska þinginu fyrr en í nóvember á næsta ári.

Hér hafa þingmenn Pírata lagt fram þingsályktunartillögu um borgaralaun, eða skilyrðislausu grunnframfærslu. Hugmyndin er að leysa almennatryggingakerfið að langmestu af hólmi. Lagt var til að félagsmálaráðherra yrði falið að skipa starfshóp til að kortleggja leiðir til að tryggja öllum borgurum landsins skilyrðislausu grunnframfærslu með það að markmiði að styrkja efnahagsleg og félagsleg réttindi fólks og útrýma fátækt. – **sg**

## Þúsund þurft að flýja heimili sín

**BRETLAND** Yfir þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín á Bretlandi vegna stormsins Desmond síðustu daga. Mikið hvassvíðri með úrkomu hefur gengið yfir England norðvestanvert og austurströnd Skotlands.

Flóð vegna veðursins eru sögð þau mestu í manna minnum. Í gær voru um 55 þúsund heimili án rafmagns. Breski herinn aðstoðar íbúa. Tilkynnt hefur verið um eitt dauðsfall af völdum flóðanna. – **gló**

## Lognið á undan storminum



Í gær lögðu margir leið sína í Ártúnsbrekku í Reykjavík til að nýta snjóinn í skíðaiðkun. Jafnt ungir sem aldnir höfðu gaman af hreyfingunni eins og sjá má þrátt fyrir að kuldiinn færi niður í sjö gráðu frost. Hliðarfjalli var hins vegar lokað í gær og voru margir ósáttir við þá ákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Forseti FIDE stígur til hliðar

**RÚSSLAND** Kirsan Iljúmstjínov, forseti Alþjóðaskáksambandsins (FIDE), hefur ákveðið að stíga tímabundið til hliðar. Georgios Makropoulos gegnir embættinu á meðan.

Ástæðan er refsiaðgerðir Bandaríkjanna gagnvart Iljúmstjínov. Tengsl hans við Sýrland eru afar nán en honum er gefið að sök að hafa aðstoðað Assad Sýrlandsforseta og Seðlabanka Sýrlands við að flytja fjármagn til og frá Sýrlandi.

Iljúmstjínov á sér skrautlega fortíð, en hann naut áhrifa í gegn um KGB, leyniþjónustu Sovétríkjanna, var góðvinur Muammars Gaddafi, fyrrverandi leiðtoga Líbíu, og trúir staðfastlega á tilvist geimvera og telur sig hafa verið numinn á brott af þeim árið 1997. – **sr**

# Bara eitt fórnarlamb í athvarfinu síðustu 2 ár

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir velferðarráðuneytið veita kvenkyns fórnarlömbum mansals örugga neyðardvöl í Kvennaathvarfinu. Fyrir karla og börn sem eru fórnarlömb mansals eru engin úrræði.

**SAMFÉLAGSMÁL** Kvenkyns fórnarlömb mansals eiga kost á öruggri neyðardvöl á vegum velferðarráðuneytisins í Kvennaathvarfinu, segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra. Engin sérútbúin úrræði eru hins vegar til fyrir karlmenn og börn.

Þurfi karl á húsnæðisúrræði að halda er leyst úr því með dvöl á gistiheimili sem félagsþjónusta sveitarfélags sér um eða með öðrum tryggum hætti í samráði við lögregluvirkvöld. Þetta kemur fram í svari Eyglóar á Alþingi við fyrirspurn frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, þingmanni Framsóknarflokks, um eftirfylgni áætlunar um aðgerðir gegn mansali.

Í áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn mansali 2013-2016 er velferðarráðuneytið skráð fyrir þremur þáttum. Í fyrsta lagi að tryggja að öllum fórnarlömbum mansals standi til boða líkamleg, félagsleg og sálræn aðstoð. Í öðru lagi að tryggja öruggt húsnæði fyrir öll fórnarlömb mansals og í þriðja lagi að skoða möguleika á að próa úrræði til að bæta félagslega færni og andlega líðan þeirra.

Eygló segir dæmi um að fórnarlömb mansals hafi leitað til heilsgæslustöðva og Landspítalans þar sem þau hafi eftir atvikum notið þjónustu neyðarmóttöku, geðsviðs og fæðingardeildar, en þau eigi aðeins rétt á heilbrigðisþjónustu í neyðartilvikum.

Þá segir Eygló ráðuneytið endurgreiða félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð fyrir brýnustu nauðsynjum.

**Við getum ekki tekið ábyrgð á börnum, við höfum ekki til þess leyfi og það samræmist ekki okkar starfsemi. Það vantar góð úrræði fyrir karla og börn.**



Sigprúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

Á vegum velferðarráðuneytis starfa tvö teymi sem vinna í samræmi við framangreindar þrjár aðgerðir. Annað teymið er samráðs- og samhæfingarteymi, en hitt er framkvæmdateymi sem tekur einstök mál til meðferðar.

Síðustu tvö ár hefur verið lögð áhersla á fræðslu um mansal vegna þess að ekkert fjármagn fylgdi aðgerðaáætlun ríkisstjórnar gegn mansali. Í skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins frá því í sumar er aðgerðaleyfi stjórnvalda gagnrýnt.

Sigprúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir ekki koma til greina hjá athvarfinu að taka á móti karlmönnum eða börnum. Mæður geta þó dvalið með börnum sínum í athvarfinu en þá eru börnin á ábyrgð mæðra sinna.

„Við getum ekki tekið ábyrgð á börn-



Eygló Harðardóttir greinir frá því að velferðarráðuneytið endurgreiði kostnað sveitarfélaga af nauðsynlegri þjónustu til fórnarlamba mansals. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

um, við höfum ekki til þess leyfi og það samræmist ekki okkar starfsemi. Það vantar góð úrræði fyrir karla og börn.“

Aðeins ein kona hefur dvalið í Kvennaathvarfinu á vegum velferðarráðuneytisins síðan það gerði samstarfssamning við Kvennaathvarfið. „Árinu áður dvöldu hér margar konur sem voru grunuð mansalsfórnarlömb og þurftu margar á mikilli þjónustu að halda.“

Sigprúður segir margt óljóst þótt nú hafi verið ákveðið að þegar grunur vakni um mansal sé sett af stað neyðarteymi sem hugi að þörfum fórnarlambansins. „Það eru engir skýrir verkferlar til. Það er ekki hægt að útskýra fyrir grunuðu fórnarlambi mansals hvað biður þess ákveði það að segja sögu sína,“ segir hún og segir með því hvatann til að greina frá mansali lítinn. **kristjanabjorg@frettabladid.is**

**SKREYTUM HÚS**  
SÁ ALLRA VINSÆLASTI  
**45% AFSLÁTTUR**  
TIL JÓLA



FRÍAR  
LITAPRUFUR

Það er engin tilviljun að Skreytum hús liturinn okkar er einn sá allra vinsælasti.

Soffía Dögg hjá Skreytum hús valdi litinn

Fæst einungis í Slippfélaginu

**Slippfélagið**  
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22 Rvk. | Dugguvogi 4 Rvk. | Sími: 588 8000  
Dalshrauni 11 Hfj. | Gleráreyrum 2 Ak. | slippfelagid.is





**1 GB**  
netnotkun  
eða **1.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir

**iPhone 6s Plus 16GB**

**134.990 kr.** stgr.

64GB **154.990 kr.**



**1 GB**  
netnotkun  
eða **1.000 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
fylgir

**iPhone 6s 16GB**

**124.990 kr.** stgr.

64GB **134.990 kr.**



**1 GB**  
netnotkun  
eða **1.000 kr.**  
á mán. í 6 mán.  
fylgir

**iPhone 6 16GB**

**104.990 kr.** stgr.



**500 MB**  
netnotkun  
eða **500 kr.**  
á mán. í 3 mán.  
fylgir

**iPhone 5c 8GB**

**59.990 kr.** stgr.

# Í jólasþingi með Nova!

Settu inn rétta jólavinatóninn og  
skelltu þér á skauta á Ingólfssvelli!



**Jóladagatal  
Nova!**  
Á hverjum degi  
til jóla!



**Apple TV 32GB**

**25.990 kr.** stgr.

Apple TV 64GB **34.990 kr.**



**Tilboð**

**Polar M400 GPS sportúr**

**17.990 kr.** stgr.



**JBL Go ferðahátalari**

**4.990 kr.** stgr.



**Bíókort 5x í bíó**

**3.790 kr.** stgr.



**Bose hátalari**

**23.990 kr.** stgr.



**Nova stuðpinni**

**1.890 kr.** stgr.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

# NOVA





Á Hakinu er nú þegar þjónustuhús, salernisaðstaða og starfsmannahús. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Veitinghús á Hakinu fær samþykki

**ÞJÓÐGARÐAR** Þingvallanefnd hefur samþykkt að hefja strax undirbúning að veitinga- og móttökuhúsi á Hakinu.

„Í húsinu verði fullbúið og vandað veitingahús þar sem í boði verði úrval matar og góð þjónusta, þar verði auk þess salur til veislu- og fundarhalds. Húsið risi suðvestan við núverandi gestastofu þar sem viðsýni og fegurð Þingvalla og fjallahringins nýtur sín,“ segir í fundargerð Þingvallanefndar þar sem þessi ákvörðun er gerð kunn og sagt að nú verði gerð „frumathugun og þarfagreining“ í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Fram kemur að rekstur nýja hússins og aðkoma gesta eigi að nýta bílastæði og aðkomuleiðir sem þegar séu fyrir hendi á Hakinu. „Göngustígar og útsýnisstaðir í grenndinni tengist kerfi gönguleiða fram á brún Haksins og niður í Hestagjár, Hallsins, gamla Valhallarplans og bakka Öxarár,“ segir áfram um málið.

Með þessari ákvörðun virðist ljóst að ekki verður byggð nýtt Hótel Valhöll á reitnum þar sem hótelið stóð þar til það gjöreyðilagðist í eldsvoða í júlí 2009. – gar

## Heildarfjöldi ferðamanna um 1,3 milljónir

**EFNAHAGSMÁL** Heildarfjöldi erlendra ferðamanna á þessu ári gæti farið í 1.307 þúsund, samkvæmt áætlun Samtaka ferðaþjónustunnar. Fram kemur í tilkynningu að það sem af er ári hafi ferðamönnum fjölgað um 30 prósent frá fyrra ári.

Ferðir Íslendinga til útlanda eru um þrefalt færri en útlendinga hingað, eða 448 þúsund. Til samanburðar má nefna að á tíunda áratugnum komu árlega að meðaltali um 380 þúsund ferðamenn á sama tíma og um 225 þúsund Íslendingar lögðu land undir fót. Gert er ráð fyrir að gjaldeyrstekjur í ferðaþjónustu haldi áfram að vaxa á síðasta ársfjórðungi ársins og nemi í ár um 368 milljörðum króna. – gló

# Breytingartillögur meirihlutans eru á þriðja hundrað talsins

Meirihluti fjárlaganefndar hefur skilað breytingartillögum við frumvarp fjármálaráðherra til fjárlaga 2016. Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar, segir vanta fé til Landspítala og kjarabóta fyrir eldri borgara.

**ALÞINGI** Fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár var tekið úr fjárlaganefnd um helgina. Frumvarpið er því tilbúið til annarrar umræðu með breytingartillögum og nefndaráli. Umræður fara fram á morgun, þriðjudag. Með nýjustu breytingartillögum er gert ráð fyrir að afgangur á rekstri ríkissjóðs verði mun minni en þeir 15,3 milljarðar sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Lagðir eru nokkrir fjármunir í eflingu innviða vítt og breitt um landið. Breytingartillögur meirihlutans eru á þriðja hundrað talsins

og því líklegast að umræður í þinginu verði fjórlegar og þær muni taka nokkurn tíma.

Vigdís Hauksdóttir er ánægð með þær breytingartillögur sem meirihluti fjárlaganefndar leggur til að þessu sinni. Í heildina leggur nefndin til fjárútlát upp á 8,8 milljarða króna. „Mér líst vel á þessar breytingar. Hér erum við að forgangsraða í grunnstöðir samfélagsins og ég tel að þingmenn geti verið ánægðir með hvernig til hefur tekist. Enn gerum við ráð fyrir hallalausum fjárlögum sem skiptir sköpum í að

lækka skuldir ríkissjóðs,“ segir Vigdís en telur líklegt að frumvarpið verði rætt í þau. „Ég sem formaður fjárlaganefndar vona að allir þingmenn taki til máls í þessu mikilvægasta máli þingsins á hverju ári, sem fjárlögin eru.“

Oddný Harðardóttir, sem situr í minnihluta fjárlaganefndar, segir sárvanta fjármagn til Landspítala og til aldraðra. „Það sker í augu að ekki er gert ráð fyrir hækkingu á kjörum eldri borgara frá 1. maí 2015 eins og lægstu laun gerðu. Þannig sitja aldradír eftir. Það er líka áberandi að

það skorti fé til Landspítalans. Ekki eru gerðar tillögur til að bæta við fé vegna fjölgunar sjúklinga. Það þýðir í raun niðurskurð sem því nemur. Við þurfum engar greiningar til að sýna okkur þá stöðu, hún er augljós,“ segir Oddný.

Í greinargerð meirihlutans er gerð grein fyrir útgjaldaþróun nokkurra eftirlitsstofnana. Kemur í ljós að útgjaldaaukning stofnana frá árinu 2007 til 2016 er 60 prósent; var rúmir 8,2 milljarðar árið 2007 en er nú 13,1 milljarðar króna. sveinn@frettabladid.is

## Dæmi um breytingartillögur:

Hér gefur að líta nokkrar af þeim rúmlega 200 breytingartillögum við fjárlagafrumvarp ársins 2016 sem meirihluti fjárlaganefndar leggur fram. Tölur sem á eftir koma vísa ekki til heildarfjárhæðar í hverjum málaflökki heldur er um að ræða hækkingu eða lækkingu á þeim fjárfætingum sem lagðar voru til í fjárlagafrumvarpinu í september.

**Húsameistari ríkisins: 178,7 milljónir**

Lagt er til í breytingartillögum að Húsameistari ríkisins þurfi um 178 milljónir fyrir árið 2016

**LÍN – lánasjóður íslenskra námsmanna: 490 milljónir**

Lagt er til að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 490 milljónir króna vegna endurmats á fjárbörf sjóðsins.

**RÚV: 94 milljónir**

Lagt er til í breytingum meirihlutans að Ríkisútvarpið fái 94 milljónum meira en gert var ráð fyrir í upphaflegri útgáfu frumvarpsins.

**Þróunarhljálpar: 500 milljónir**

Lagt er til tímabundið framlag til stuðnings við alþjóðastofnanir og hjálparamtök sem vinna með flóttafólki erlendis.

**Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: 490 milljónir**

Lagt er til að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fái tímabundna fjárheimild í eitt ár til uppbyggingar á innviðum ferðamannastaða. Ráðuneytið taldi upphaflega þurfa mun meira fjármagn en þær 490 milljónir sem meirihluti fjárlaganefndar vill setja í málaflökinn.

**Rannsóknir ferðamála: 150 milljónir**

Tímabundið framlag í eitt ár til að efla rannsóknir á sviði ferðamála. Gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar um ráðstöfun þessara fjármuna til samræmis við forgangsroðun Stjórnstöðvar ferðamála.

**Útlendingastofnun: 95 milljónir**

Aukið framlag til að mæta auknum fjölda hælisleitenda og uppfylla kröfur um málskraða.

**Fangelsismálastofnun: 30 milljónir**

Gerð er tillaga um hækkingu á fjárheimild Fangelsismálastofnunar ríkisins til að mæta veikleikum í starfsemi fangelsa.

**Vegagerðin: 100 milljónir**

Hækkingu framlags til að styrkja almenningsgöngur á höfuðborgarsvæðinu.



**Löggæsla: 400 milljónir**

Við greiningu á lögregluembættum landsins hafa komið fram veikleikar í starfsemi sem þrýtt er sagt að mæta. Einn þeirra er hlutverk lögreglu við að tryggja öryggi ferðamanna.

**Fjarðarheiðargöng: 80 milljónir.**

Tímabundið framlag til Vegagerðarinnar til áframhaldandi rannsókna á jarðgöngum undir Fjarðarheiði.

**Vegagerð í dreifðum byggðum: 235 milljónir**

Tímabundið framlag til vegagerðar í dreifðum byggðum. Viða á landsbyggðinni er þrýtt vegna umferðaröryggis og byggðamála að reyna að hraða sem mest framkvæmdum á tengivegum.

**Uppbygging Hafna: 400 milljónir.**

Tímabundið framlag í Hafnabótasjóð til endurnýjunar á bryggjum og dýpkunar í löndunarhöfnum.

**Flugvellir á landsbyggðinni: 400 milljónir**

Tímabundið framlag til að koma til móts við uppsafnaða þörf fyrir uppbyggingu á flugvöllum á landsbyggðinni og rekstur innanlandsflugs.

**Fjarskiptauppbygging á landsbyggðinni: 200 milljónir**

Tímabundið framlag til Fjarskiptasjóðs til viðbótar við þær 315,3 milljónir króna sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til þess að hraða uppbyggingu fjarskiptainnviða.

**Tannlækningar lífeyrisþega: 200 milljónir**

Gerð er tillaga um viðbótarheimild til tannlækninga. Mikil aukning hefur verið í tannlækningum lífeyrisþega milli ára og fjölgaði þeim um 26 prósent á fyrri helmingi ársins miðað við sama tímabil 2014.



**Grynka á biðlistum eftir aðgerðum: 840 milljónir.**

Fjárheimild næstu þrjú ár vegna átaks til að stytta biðlista eftir augasteinsaðgerðum, gerviliðaaðgerðum á hné, gerviliðaaðgerðum á mjöðm og kransæðaþræðingum.

**Fæðingarorlofssjóður: 360 milljónir.**

Gerð er tillaga um 200 milljóna króna hækkingu á fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs til að mæta áhrifum nýgerðra kjarasamninga. Einnig 160 milljóna hækkingu á fjárheimild sjóðsins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjöld á árinu 2015.

## Verður 30 milljóna króna íbúð í jólapakkanum?

Heildarverðmæti vinninga í desember er 107 milljónir króna

Kaupu miða á [www.das.is](http://www.das.is) eða í síma 561 7757.

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!



# Húsnæðismarkaðurinn

## - Í leit að nýju jafnvægi

Arion banki býður til morgunfundar um horfur á húsnæðismarkaði. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 9. desember í Borgartúni 19.

### Dagskrá

8.15 Morgunhressing  
8.30 Fundur settur

#### Hvert stefnir húsnæðisverð?

Konráð Guðjónsson, sérfræðingur í greiningardeild

#### Kaupmáttur og eftirspurn

Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í greiningardeild

#### Íbúðafjárfesting og leigumarkaður

Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur í greiningardeild

9.30 Fundarlok

**Skráning á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)**

Allir velkomnir

 **Arion banki**  
- Fyrir framtíðina



## Átján flóttabörn fundust í hreysi

**SVÍPJÓÐ** Eitt af átján flóttabörnum sem fundust fyrir helgi í yfirgefnu húsi í Möldal í Svíþjóð var aðeins níu ára. Hin voru fjórtán til sextán ára gömul, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.

Haft er eftir sænsku lögreglunni að ekki sé vitað um uppruna allra barnanna en mörg þeirra séu hins vegar talin vera svokölluð götu-börn sem rætur sínar eigi að rekja til Marokkó's.

Félagsmálayfirvöld í Svíþjóð lýsa húsinu í Möldal sem hreysi og segja að þar hafi verið afar óvistlegt, bæði óhreint og kalt.

Þrjú barnanna eru sögð hafa horfið þegar starfsmenn félagsþjónustunnar sænsku komu á vettvang. Lögregla er sögð hafa lýst eftir börnunum í kjölfarið.

Þá er frá því greint í umfjöllun sænskra fjölmiðla að fíkniefni hafi einnig fundist á staðnum. – **ibs**



*Falleg glösk gleðja augað*

**EASTUS** Veit á vandaða lausn

Síðumúla 16 | Opið mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900

# KRÓNAN

- fyrst og fremst óáfr!

Fylgstu með  
Jóladagatali Krónunnar.  
Ný tilboð alla mánudaga og  
fimmtudaga til jóla.

\* Jóladagatal \*

GILDIR  
Á MEÐAN  
BIRGÐIR  
ENDAST\*

33%

afsláttur

1,36 kg

379

kr. pk.

Verð áður 569 kr. pk.

Konfekt epli í poka, 1,36 kg  
\*Gildir til 9. desember

Fylgstu með Jóladagatalinu á facebook síðu Krónunnar – Jólaleikur í hverri viku

## Ber í Barcelona



Baráttumaður fyrir réttindum dýra, í hópi félaga sinna úr dýraverndarsamtökunum „AnimaNaturalis“, heldur á spjaldi sem á stendur: „Hversu mörg líf bara fyrir kápu?“ Fólkið mótmælti notkun dýraskinns í fataiðnaði og vakti athygli á málstað sínum með því að leggja saman nakíð og þakið gerviblóði í Barcelona á Spáni í gær. **NORDICPHOTOS/AFP**

## Kalla á viðræður um kaup á Reiðhöllinni

Reykjavík Riding Center hefur óskað eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um kaup á Reiðhöllinni í Viðidal til að bjóða upp á reiðsýningar fyrir ferðamenn.

**VIÐSKIPTI** Ferðaþjónustufyrirtækið Reykjavík Riding Center hefur óskað eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um kaup á Reiðhöllinni í Viðidal. Þetta kemur fram í bréfi sem sent var borgarráði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Reykjavíkurborg auglýsti á dögum fjölmargar fasteignir til sölu. Þar á meðal var Reiðhöllin. Reykjavík Riding Center hefur starfað í fjögur ár, býður hestaferðir fyrir ferðamenn og er með aðstöðu í gamla dýraspítalanum í Viðidal.

Andrés Pétur Rúnarsson, eigandi Reykjavík Riding Center, segir að fyrirtækið gæti hugsað sér að reka svipaða starfsemi og í Fákaseli í Ölfusinu. Það

Það er algjör óþarfi að vera að fara yfir heiðina, sérstaklega þegar færðin er svona eins og hún hefur verið.

Andrés Pétur Rúnarsson, eigandi Reykjavík Riding Center

yrði þá boðið upp á reglulegar reiðsýningar fyrir ferðamenn. „Það er algjör óþarfi að vera að fara yfir heiðina, sérstaklega þegar færðin er svona eins og hún hefur verið, og þetta gæti verið mjög spennandi dæmi,“ segir Andrés Pétur.

Í bréfinu til Reykjavíkurborgar segir

að Reykjavík Riding Center hafi verið í viðræðum við fjárfesta vegna mögulegra kaupa á Reiðhöllinni. Hann vill ekki nefna það að svo komnu máli hverjir þeir fjárfestar eru. „Við viljum sjá fyrst hvort það er alvara hjá borginni að selja Reiðhöllina eða hvort þetta er tilfærsla á fé. Ég veit ekkert hvort þeir ætla að selja þetta einhverju eignarhaldsfélagi og leigja þetta aftur, hvort þetta sé þá bara eitthvert bókhaldstríkk,“ segir Andrés Pétur.

Það sé þó vissulega búið að ræða málin lauslega við fjárfesta. „Eins og þú þekkir þá er ferðaþjónustan á mikilli uppleið og tiltölulega einfalt að fá fjárfestingu í dag.“

jonhakon@frettabladid.is



# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á  
[notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is)

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ 3.695.000 kr.**

**Mazda6 Vision FAB51**

Skráður maí 2014, 2,2TDCi dísil, beinskiptur  
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð.

Verð 3.790.000 kr.



**VERÐ 2.880.000 kr.**

**Citroën Berlingo Multispace HSH32**

Skráður mars 2015, 1,6TDCi dísil, beinskiptur  
Ekinn 20.000 km. Í ábyrgð.



**VERÐ 2.150.000 kr.**

**Mazda2 Takara EPE27**

Skráður október 2014, 1,3i bensín, beinskiptur  
Ekinn 10.400 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 4.090.000 kr.**

**Audi A4 Avant REV00**

Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 47.000 km.

Verð 4.590.000 kr.



**VERÐ 690.000 kr.**

**Citroën C4 Comfort OL274**

Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 147.000 km.



**TILBOÐ 3.390.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD FAJ42**

Skráður apríl 2013, 2,0TDCi dísil, beinskiptur  
Ekinn 100.000 km.

Verð 3.690.000 kr.



**TILBOÐ 9.045.000 kr.**

**Ford Explorer Limited YGL65**

Skráður maí 2014, 3,5i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 25.500 km. Í ábyrgð.

Verð 9.690.000 kr.



**VERÐ 2.290.000 kr.**

**Mazda3 Advance KLP79**

Skráður mars 2013, 1,6i bensín, beinskiptur  
Ekinn 51.000 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 4.390.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium AWD VDY51**

Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur  
Ekinn 94.000 km. Í ábyrgð.

Verð 4.650.000 kr.



**TILBOÐ 2.590.000 kr.**

**Ford Focus Trend HUY67**

Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskiptur  
Ekinn 56.000 km.

Verð 2.690.000 kr.



**TILBOÐ 3.650.000 kr.**

**Suzuki Grand Vitara ZRJ19**

Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur  
Ekinn 63.000 km.

Verð 3.950.000 kr.



**TILBOÐ 1.890.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe RH532**

Skráður maí 2006, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 178.000 km.

Verð 2.190.000 kr.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

**f** FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK  
Notaðir bílar - Brimborg  
Tilboðsbílarinnir fara  
beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Sölueldir eru opnar  
virka daga kl. 9-17  
og laugardaga 12-16.

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á



## NORÐURLÖNDIN



## Skólastjórar styðja ekki slæðubann

**1 NOREGUR** Skólastjórar í Ósló styðja ekki hugmynd varaformanns Verkamannaflokksins, Hadia Tajik, um bann við notkun höfuðslæðu í grunnskólunum. Hún sagði að skólastjórar myndu ekki sætta sig við að átta til níu ára stelpur kæmu daglega í pínupíls og á háum hælum. Það sama ætti að gilda um höfuðslæðuna. Skólastjórar sem norska ríkisútvarpið ræddi við sögðu notkun slæðu ekki vandamál.



## Ósáttir namar hóta kaffileysi

**2 SVÍÞJÓÐ** Ákvörðun um að jólaöl yrði ekki borið fram með sérstakri jólamáltíð í skólunum í Umeå vakti hörð viðbrögð nemenda. Í aðsendri blaðagrein sögðu nemendur það ekki nýtt að þeir fengju sykur í skólanum. Hann væri bæði í tómatósú og sultu. Bentu nemendur á að þegar þeir yrðu eldri gætu þeir tekið ákvörðun um að ekkert kaffi yrði á öldrunarheimilum og vildu þeir málamiðlun.

## Spekileki vegna niðurskurðar

**3 FINNLAND** Finnland á á hættu spekileka vegna krafna um niðurskurð í háskólunum. Formaður prófessorafélagsins í Finnlandi, Kaarle Hämeri, gerir ráð fyrir að toppvísindamenn hafi þegar verið búnir að ákveða sig en að sparnaðarstefna stjórnvalda hafa virkað eins og stökkbretti, að því er Hufvudstadsbladet greinir frá. Verst þykir að missa unga vísindamenn.

**Gæði og glæsileiki** endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

## Ráðherra hrindi tillögum í framkvæmd

**SJÁVARÚTVEGUR** Félag atvinnurekenda og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda lýsa undrun yfir því að Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra „hafi kosið að aðhafast ekkert til að hrinda tilmælum Samkeppniseftirlitsins í framkvæmd“. Þetta segir í bréfi samtakanna til ráðherra þar sem þau kalla eftir afstöðu hans.

Álit Samkeppniseftirlitsins sem vísað er til er frá árinu 2012 og fjallar um samkeppnisstöðu útgerða sem ekki stunda fiskvinnslu og fiskvinnslufyrirtækja sem ekki stunda veiðar gagnvart útgerðum sem stunda veiðar og vinnslu.

Í álit Samkeppniseftirlitsins segir meðal annars að samkeppnishindrun felist í því að einungis sé heimilt að framselja aflaheimildir á milli aðila sem eiga og reka fiskiskip. Í bréfinu segir að það fyrirkomulag valdi því að aðilar sem stunda einungis fiskvinnslu séu í verri aðstöðu



Fiskvinnsla á Tálknafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

en lóðrétt samþættar útgerðir til að verða sér úti um hráefni.

Samkeppniseftirlitið mæltist árið 2012 til þess að sjávarútvegsráðherra beitti sér fyrir breytingum á fyrirkomulaginu, meðal annars því að heimildir til kvótaframsals yrðu auknar.

„Aðgerðaleyssið er vonandi ekki til marks um að stjórnvöldum standi á sama um samkeppnishindranir í sjávarútveginum og horfi fram hjá þeirri augljósu staðreynd að ekki sitja öll sjávarútvegsfyrirtæki við sama borð,“ segir í bréfinu. – þea

**Nýr Caddy!**



## Kynntu þér nýjan glæsilegan Volkswagen Caddy

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukin öryggi og öflugri vélur eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftþúðum fyrir öikumans- og farþegarými.

Við bjóðum þér að líta við í **sýningarsal VW Atvinnubíla** og kynnst honum betur.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá: **2.760.000 kr.** (án vsk. 2.225.806 kr.)

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**



Atvinnubílar



# NÝR L200 ER LENTUR



**5** ÁRA  
ÁBYRGÐ



Við kynnum **Mitsubishi L200**, vinnupjarkinn sem er svo mörgum Íslendingum að góðu kunnur. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Nú er hann kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Komdu og prófaðu nýjan L200.

#### **Mitsubishi L200 Intense**

6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**6.890.000 kr.**



FYRIR HUGSANDI FÓLK



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# Moskur undir smásjá

Varakanslari Þýskalands krefst þess að Sádi-Arabar hætti að fjármagna Wahhabi-moskur. Ímam í Frakklandi telur að allt að 160 moskum gæti verið lokað.

**HRÝÐJUVERK** Sigmar Gabriel, varakanslari Þýskalands, hefur kallað eftir því að Sádi-Arabía hætti að fjármagna Wahhabi-moskur víða um heim. „Í Þýskalandi koma margir öfgamenn, sem eru jafnframt taldir hættulegir, úr þessum samfélögum,“ sagði hann í samtali við Bild am Sonntag.

Gabriel sagði að ekki mætti gera Sádi-Arabíu fráhverfa þar sem hún væri lykilríki við að binda enda á borgarastyrjöldina í Sýrlandi. „Á sama tíma verðum við að gera Sádum ljóst að við lítum ekki lengur undan.“

Frakkar hafa lokað þremur moskum í landinu frá því að hryðjuverkaárásirnar voru gerðar í París 13. nóvember.

Í krafti neyðarlaganna sem sett voru í Frakklandi var moskunum lokað, níu handteknir og 22 settir í farbann. Þá hefur lögreglan gert húsleit á 2.235 heimilum, hneppt 232 í gæsluvarðhald og lagt hald á 334 vopn, þar af 34 þungavopn.

Einn hæst setti ímam Frakklands, Hassan El Alaoui, sagði í samtali við Al Jazeera í síðustu viku að hann tryði því að allt að 160 moskum yrði lokað. „Af því að þær starfa án viðunandi leyfa og breiða út hatur,“ sagði hann. „Orðræða af þessu tagi ætti ekki einu sinni að vera leyfð í íslömsku ríki, hvað þá í landi á borð við Frakkland.“

Þá var gerð stunguárás í neðanjarðarlestarstöð í London í gær. Tveir særðust. Lögregla rannsakar málið sem hryðjuverk. Árásarmaðurinn, sem var handtekinn, mun hafa kallað „fyrir Sýrland“. stefanrafn@frettabladid.is



Michel Cadot lögreglustjóri og Christophe Descoms, yfirmaður fíkniefnadeildar, skoða vopn sem hald var lagt á í París fyrir helgi. NORDICPHOTOS/AFP

## #YouAintNoMuslimBruv

Vitni að stunguárásinni í Leytonstone heyrir kalla: „Þú ert enginn múslimi, bróðir“ (You ain't no muslim bruv). Í kjölfarið fóru Bretar að nýta myllumerkið #YouAintNoMuslimBruv til að lýsa vanþóknun sinni á árásinni og skilja öfgamenn frá múslimum. Myllumerkið var það allra vinsælasta á Bretlandi í gær en á Twitter mátti sjá fólk skilja eftir skilaboð á borð við: „Til vitnisins sem kallaði #YouAintNoMuslimBruv, hann talaði fyrir hönd milljóna Breta og kom skilaboðunum á framfæri á andartaki,“ „#YouAintNo-MuslimBruv er fullkomið – ekta, innihaldsríkt og gerir lítið úr málstað hryðjuverkamanna,“ og „Undir öfgafullum og sorglegum kringumstæðum, vonarglæta skynseminnar. Myllumerki sem talar fyrir heila borg.“



Til hamingju, Þóra, með verðskuldaða tilnefningu til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna

„Stílhrein og nístandi sár.“

Vigdís Grímsdóttir

„Bók sem breytir manni til hins betra.“

Guðrún Eva Mínervudóttir

„Mögnuð lesning og merkilega falleg, þrátt fyrir allan óhugnaðinn.“

Stefán Baldursson

„Mikil gjöf þessi bók!“

Vigdís Grímsdóttir

„Afar vel skrifuð, ótrúleg og erfið saga ...“

Þórunn Lárusdóttir



## GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunna, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is



Hjálparstarf kirkjunnar



# Sænska fyrirtækið IVF lætur til sín taka í tæknifrjövgun á Íslandi

**VIÐSKIPTI** Sænska fyrirtækið IVF Sverige ætlar að opna nýja tæknifrjövgunardeild í Reykjavík. Deildin, sem mun heita IVF klíníkin Reykjavík, verður rekin í samstarfi við fæðingar- og kvensjúkdómalæknana Snorra Einarsson og Ingunni Jónsdóttur, sem hafa bæði lært fagið og starfað við það í Svíþjóð, og Steinunni Þorsteinsdóttur lifeindafræðing. Samhliða opnun nýju deildarinnar kaupir IVF Sverige ART Medica, sem er eina starfandi tæknifrjövgunardeildin á Íslandi, og leggur niður starfsemina þar.

„Við ætlum að reyna að opna um miðjan febrúar,“ segir Snorri Einarsson í samtali við Fréttablaðið. Snorri verður yfirlæknir á nýju deildinni hér á Íslandi. Hann segir að IVF Sverige sé stærsti aðilinn í þjónustu og meðferð ófrjósemi á Norðurlöndunum og reki samtals átta deildir eftir opnunina á Íslandi.

Snorri segir að stór hluti fólksins sem vann áður hjá Art Medica komi til með að starfa hjá nýju tæknifrjövgunardeildinni. „Við komum til með að taka meginþorra starfsfólksins sem er hér og nýta þá reynslu sem fyrir er og byggja ofan á

**Við ætlum að reyna að opna um miðjan febrúar.**

Snorri Einarsson fæðingar- og kvensjúkdómalæknir



það,“ segir hann. Að auki verði hluti af tækjum Art Medica nýttur. „Við tökum það sem hægt er að nýta en komum til með að bæta heilmiklu við af nýjum tækjum,“ segir Snorri.

Snorri segir að á Íslandi séu gerðar um 450 glasa- og smásjárfrjövganir á ári. IVF klíníkin Reykjavík komi til með að bjóða upp á nýjustu aðferðir í ófrjósemisméðferðum eins og til dæmis eggjafrýstingu, ræktun fósturvísa í skápum tengdum myndavélum og kimblöðruræktun.

Snorri segir að IVF Sverige sé lifandi fyrirtæki sem vilji sjálft þróa aðferðir og tækni og stunda rannsóknir í ríkum mæli. Samstarfið við fyrirtækið geri mögulegt að fylgjast með, þróa og taka upp nýjustu aðferðir til hagsbóta fyrir sjúklingana. – jhh

## Um tæknifrjövganir

Lögin um tæknifrjövgun tóku gildi 1996. Þar er tæknifrjövgun skilgreind sem getnaður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjövgun. Tæknisæðingar með gjafasæði hófust 1977 og 1978. Fyrstu íslensku þörin fóru hins vegar í glasafrjövgunarméðferð í Englandi 10 árum síðar. Heilbrigðisyfirvöld höfðu þá gert samning um meðferð íslenskra para. Glasafrjövgun hófst svo á Landspítalanum í október 1991 og fyrsta barnið fæddist níu mánuðum síðar.



Nefnt hefur verið að Straumsvíkurálverinu verði lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Bærinn greinir hagsmunir sína af álverinu

**HAFNARFJÖRÐUR** Taka á saman heildstætt yfirlit yfir alla hagsmuni Hafnarfjarðarbæjar af rekstri og staðsetningu álversins í Straumsvík. Þetta var ákveðið í bæjarráði Hafnarfjarðar á fimmtudag.

„Reynt verði að kortleggja bæði bein og óbein áhrif af rekstrinum. Jafnframt verði tekin saman ákvæði um réttindi og skyldur sem gilda um starfsemina,“ segir í samþykkt bæjarráðs. Ál hefur verið framleitt í bræðslu Rio Tinto Alcan í Hafnarfirði frá árinu 1969. – gar

## Vill bætur eftir 13 daga í haldi

**DÓMSMÁL** Svanur Birkir Tryggvason hefur stefnt íslenska ríkinu og krefur það um tvær milljónir í skadabætur eftir að hafa setið í gæsluvarðhaldi og einangrun í þrettán daga sumarið 2013 vegna Stokkseyrarmálsins. Svanur var ekki ákærður en var kallaður til sem vitni við aðalmeðferðina.

Svanur var í október dæmdur í 14 mánaða fangelsi í Hæstarétti Íslands fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, vörslu þeirra, fjársvik, tilraun til fjársvika, þjófnað auk þess að hafa veist að þremur lögreglumönnum og hótad þeim líkamsmeiðingum.

Stokkseyrarmálið vakti talsverða athygli vegna ofbeldis sem þótti einkar hrottalegt. Í því voru Stefán Logi Svarsson og Stefán Blackburn dæmdir í sex ára fangelsi í febrúar fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og frelsissviptingu. – th

## Gistinóttum á hótélum fjölgað um fimmtung

**EFNAHAGSMÁL** Á fyrstu tíu mánuðum ársins nemur fjöldi gistinátta á hótélum 2,43 milljónum. Þetta er 20 prósentu aukning miðað við sama tímabil árið 2014 þegar þær námu 2,02 milljónum.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru gistinætur á hótélum í október 238 þúsund talsins sem er 30 prósentu aukning miðað við október 2014. Gistinætur erlendra gesta voru 88 prósent af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum, en þeim fjölgaði um 40 prósent frá sama tíma í fyrra á meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði um tólf prósent. – sg

**SIEMENS**

# Jólin nálgast.

Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.

**BOSCH**  
Matvinnsluvél

MCM 3110W  
800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**11.900** kr.

Fullt verð: 14.900 kr.



**BOSCH**  
Blandari

MMB 42G0B (svartur)

Einstaklega hljóðlátur. 700 W. „Thermosafe“ hágæða-gler sem þolir heita og kalda drykki.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**13.900** kr.

Fullt verð: 17.900 kr.



**BOSCH**  
Töfrasproti

MSM 67170

Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**11.900** kr.

Fullt verð: 14.900 kr.



**Gigaset**  
Símtæki

A510

Númeraminni fyrir 150 nöfn og símanúmer. Langur taltími, mikil hljómgæði.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**7.625** kr.

Fullt verð: 8.970 kr.



**BOSCH**  
Hraðsuðukanna

TWK 7809

Koparlituð. Tekur 1,7 lítra. 2200 W.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**12.900** kr.

Fullt verð: 16.900 kr.



**Rommelsbacher**  
Vöflujárn

WA 1000/E

1000 W. Úr burstuðu stáli. Viðloðunarfritt yfirborð.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**11.900** kr.

Fullt verð: 14.700 kr.



**ProfiCook**  
Pottasett

KTS 1051

Alls fjórir pottar, þar af þrír með glerloki.

\*fæst hjá: **BOSCH BUDIN SMITH & NORLAND**

Jólaverð:

**17.900** kr.

Fullt verð: 22.900 kr.



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

**BOSCH**

**BUDIN**

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090  
www.bosch.is



# Hættum þessu kjaftæði



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

**K**jartan Atli Kjartansson, blaðamaður og umsjónarmaður þáttarins Kjörfuboltakvöld á Stöð 2 Sport, lét áhorfendur á kjörfuboltavellinum heyrja það all hraustlega í þættinum síðastliðið föstudagskvöld. Tílfnið var ærið þar sem Kjartan Atli gerði að umfjöllunarefni framkomu stuðningsmanna kjörfuboltaíða víða um land sem virðist því miður ekki vera í anda góðra mannsíða og mannvirðingar. Hámarkinu var svo náð þegar sjálfskipaðar raddir réttlætisins lögðu á sig að standa fyrir utan heimili þjálfara og hrópa þar ókvæðisorð, en félag viðkomandi stuðningsmanna baðst að sjálfsgöðu afsökunar á því framferði. Annað hvort væri nú.

Þessi dapurlega hegðun áhorfenda og stuðningsmanna í kórfinni er því miður ekkert einsdæmi. Langt frá því enda orðbragðið og ofsinn í öðrum íþróttagreinum jafnvel hálfu verri. Í knattspyrnunni er það til að mynda svo slæmt að KSÍ þarf að leggja í sérstaka herferð til þess að reyna að fá fólk til þess að haga sér skikkanlega og sýna aðgát í nærveru barnssála. Ekki er það gæfulegt.

Það skal tekið fram að undirritaður hefur ekki alltaf verið sjálfum sér til sóma í þessum efnunum og á að baki sín svörtu augnablik en hefur á liðnum árum reynt að sýna bæði bót og betrun. Hér með eru þeir sem einhverntíma hafa orðið fyrir flónsku viðkomandi beðnir velvirðingar.

Þessi ruddafengna hegðun bæði karla og kvenna í kringum íþróttakapleiki er þó fjarri því að vera eitt-hvert einsdæmi. Málið er að þessi hegðun okkar, orðfæri og ofsi gegnsýrir í raun íslenskt samfélag. Við vöðum áfram í málæði, skoðanaskiptum, yfirlýsingum og síðast en ekki síst hinum viðfrægu kommentum á netinu eins og enginn sé morgundagurinn og að við þurfum aldrei að taka ábyrgð á orðum okkar og æði.

Stjórnmaláumræðan í landinu virðist til að mynda fara að stórum hluta fram með þessum hætti. Þannig er eins og mörgum virðist að gifuryrði séu einhvers konar fullvissa fyrir réttmæti og að hnjóðsyrði séu staðfesting á sannleiksgildi. Hvort tveggja er alrangt en þeim mun útbreiddara ólán engu að síður. Í þessu tilvikum er ekki til góðs að vera að tilgreina dæmi og benda fingri á þennan eða hinn pólitíkusinn, hvorki leiðtoga né liðsmenn, eða aðra boðbera sannleika og réttlætis.

Það væri aðeins til þess að æra óstöðugan og því miklu nær að biðja alla sem hafa vilja til þess að lyfta allri orðræðu á hærra og vitsmunalegra plan að lita í eigin barm og leggja sitt af mörkum. Því ekki veitir af fyrir íslenskt samfélag að við reynum öll að bæta okkur eða „hætta þessu kjaftæði“ eins og Kjartan Atli segir svo afdráttarlaust. Því við eigum það öll inni hvert hjá öðru að komast upp úr þessum hjólförum skitkasts og sleggjudóma og vonandi á okkur eftir að takast vel upp. Góðar stundir.



Því við eigum það öll inni hvert hjá öðru að komast upp úr þessum hjólförum skitkasts og sleggjudóma og vonandi á okkur eftir að takast vel upp.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Tvær flugur í einu höggi**  
Meirihluti fjárlaganefndar hefur lagt fram breytingartillögu sínar við fjárlagafrumvarpið 2016. Bætt er í marga málaflokka en Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, ræddi breytingartillögurnar í Eyjunni á Stöð 2 í gær. „Samgöngumálin, heilbrigðis-kerfið og skólana, menntamálin,“ sagði Vigdís að væru þeir málaflokkar sem gert væri vel við. Þó er það athyglisvert að samkvæmt tillögunni á að skera niður framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um nærri hálfan milljarð. Formaður samtaka íslenskra námsmanna erlendis hefur áhyggjur af þessu og segir námsmenn erlendis til dæmis treysta á danska ríkisstyrki til að halda sér uppi. Þarna hefur fjárlaganefnd auðvitað slegið tvær flugur í einu höggi með að spara íslenskum skattgreiðendum upphald námsmanna og úthýst þeim til danska skattgreiðenda. Snilldin ein!

**Fjárlaga- og fagurfræðinefnd Alþingis**  
Þá er það athyglisvert að meirihlutinn segir í álitinu að 75 milljónum verði veittar til undirbúnings á viðbyggingu Alþingis. Í álitinu segir að húsið skuli taka mið af teikningu Guðjóns Samúelssonar. Gisli Marteinn Baldursson fjölmiðlamaður vekur athygli á þessu á Twitter: „Hvað hefur komið fyrir fjárlaganefnd? Er það virkilega hlutverk hennar að ákveða útlit húsa sem ríkið reisir?“  
stefanrafn@frettabladid.is

## Bréf til Gunnars Braga og Hönnu Birnu

Össur Skarphéðinsson, Ottar Proppé, Birgitta Jónsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir, fulltrúar í utanríkismálanefnd Alþingis

Gunnar Bragi leggur óskiljanlegt ofurkapp á að leggja niður þróunarsamvinnustofnun. Faglegir sérfræðingar eru því harðlega andvígir. Á Alþingi er málið í algjörum hnútt og stefnir í langvinn atök.

Við leggjum hins vegar til nýja sátt um ÞSSÍ með tillögu um að „írski módelið“ verði innleitt. Írar hafa alla þróunarsamvinnu innan utanríkisráðuneytisins – einsog Gunnar Bragi vill – en í sérstakri stofnun. Við leggjum hér til sama fyrirkomulag. Í því felst að öll verkefni verði færð inn í ráðuneytið en höfð í sérstakri stofnun sem ber nafn ÞSSÍ. Starfsmenn verði ekki flutningsskyldir og einungis menntað fagfólk ráðið til starfa.

Þetta er mögulegt með nýjum lögum, sem tóku gildi um stjórnarráðið í júlí sl. Þau heimila stofnun starfs-eininga, ráðuneytisstofnana, um sérstök, afmörkuð verkefni undir stjórn ráðherra. Lögín voru beinlínis sett með sameiningu og hagræðingu stofnana í huga. Nýju lögín eru einsog klæðskerasniðin fyrir sáttatillögu okkar.

Með henni fær ráðherrann skýrt ákvörðunarvald yfir stofnuninni. Um leið fær hann „betri yfirsýn“ sem hann telur skorta. Enginn „tvíverknður“ gæti orðið milli ráðuneytis og ÞSSÍ. Sömuleiðis yrði gulltryggt að stofnunin gengi í takt við utanríkisstefnuna. Allt eru þetta yfirlýst markmið ráðherrans. Ávinningur fyrir þróunarsamvinnu yrði að starfseiningin helst óskert og starfsmenn yrðu áfram ráðnir einungis úr hópi sérfræðinga með sérmenntun í þróunarsamvinnu. Reynslusjóður og þekking ÞSSÍ byggist áfram upp – en tvístrast ekki.

Hér er gullvægt tækifæri fyrir ráðherrann til að taka upp merki forvera sinna sem allir lögðu kapp á þverpólitíska sátt um þróunarsamvinnu. Hér er tækifæri fyrir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, formann utanríkis-málanefndar, til að sýna í verki margyfirlýstan vilja sinn til að innleiða ný vinnubrögð samtals og sáttar í stjórnmalin. Saman geta nú Gunnar Bragi og Hanna Birna leitt deilur um ÞSSÍ í jörð án þess að slaka nokkuð á óskum stjórnarliða. – En það þarf hugrekki til að taka í útrétta sáttahönd.



Hér er gullvægt tækifæri fyrir ráðherrann til að taka upp merki forvera sinna sem allir lögðu kapp á þverpólitíska sátt um þróunarsamvinnu.

**VILTU VEÐJA?**

Fjólkyldu-áskorun!  
Viltu veðja heurt íg og eitt þú?

**KOMIÐ Í VERSLANIR**



# Kassastykki

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Er þetta frétt? Er þetta list? Þessar spurningar koma aftur og aftur og yfirleitt virðist svarið vera nú á okkar lýðræðis-tímum: Ef einhverjum finnst að svo sé – þá er það svo. List? Frétt? Hvað finnst þér? Það er sem er.

Og alltaf verðið að reyna að færa út mörkin: segja fréttir af því ófrétt-næma; búa til list úr því ólistuga.

Og nú fléttast þessar tvær spurningar saman í nýja kassastykkinu: listneminn Almar húkir ber í kassa og lætur umheiminn fylgjast með sér. Einsemd í beinni. Er það frétt hvort þetta sé list? Er það list hvort þetta sé frétt? Og er það þá frétt? Og þar með list?

## Í listum er þetta helst

Listfréttalist. Fréttalistafrétt. Samkvæmt þessum hugsunarhætti er aðeins ein leið eftir til að skera úr um listgildi verka: að láta fara fram meginlega (eða var það eigindlega?) rannsókn eða skoðanakönnun þar sem fólk er beðið að segja til um það hvort því finnst tiltekið verk vera list eður ei, þumall upp eða þumall niður, og svo ráði einfaldur meirihluti þessu; jafnvel mætti hugsa sér að slíkar spurningar yrðu partur af mánaðarlegum þjóðaratkvæðagreiðsluvagni um hvaðeina, sem útlit er fyrir að komi í staðinn fyrir löggjafann þegar fram líða stundir, þegar einfaldur meirihluti úrskurðar um stórt og smátt. Raunar má segja að kominn sé visir að slíkum listúrskurðum, nú þegar listgildi er æ meira talið ráðast

af því hversu mikið fréttum af listviðburðunum er deilt á netinu og hversu mörg læk viðburðirnir fá. Það má líka hugsa sér raunveruleikabátt þar sem fjórir listfræðingar sitja og dæma um það hvort afurðir sem fólk ber fyrir þá sé list ...

Okkur sem komin erum á léttasta skeið, um og yfir miðjan aldur, okkur finnst stundum að við höfum séð þetta allt áður. Okkur finnst nútímalist vera eins og ómurinn eftir sprenginguna. Okkur þykja flest nútímalistaverk eins og hvít jörð eftir bylenn. Við teljum okkur muna þá tíð þegar listaverk vöktu aðdaun eða viðbjóð, hneykslun, ást, hatur – kenndir. Þegar listin var gullgerðarlist. Nú er ekki einu sinni lengur frumlegt að vera ófrumlegur, segjum við þá, og mörk hins sanna og logna, fallega og ljóta, lága og háa, merkilega og ómerkilega, svo vendilega út þurrkuð að við blasir berangur og auðn. Nú er póst-póst-tími, segjum við. Okkur finnst listin handan við það sem var handan við, komin hinumegin – úr augsýn; vera þara einhvers staðar úti í kófinu.

Svona tölum við stundum, á góðri stundu. Kannski er það rétt sem þau segja sum: að listin sé dauð. En það merkilega er, að löngu eftir dauða listarinnar er enn verið að búa til list.

Þegar maður tuðar yfir einhverju býr maður til vegg milli þess og sín; tuðið varnar því að maður hugs; tuð er kalviður sem fyllir heilann ef maður passar ekki að fjarlægja það jafnóðum. Nýnæmi listaverka, erindi þeirra, ræðst af samhengi í tíma



